

Fimmtudaginn 6. apríl 1995.

Nr. 324/1992.

Haflax hf.

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Áburðarverksmiðju ríkisins

(Hákon Árnason hrl.)

Skaðabætur utan samninga. Orsakatengsl. Grennd. Verksmiðju-rekstur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason, Markús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1992. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 20.902.320 krónur með nánar tilgreindum ársvöxtum frá 12. júlí 1988 til 1. janúar 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxta-laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í hér-aði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, sem skipaður var sér-fróðum meðdómendum á sviði lífeðlisfræði og efnaverkfræði, að áfrýjandi hafi hvorki sýnt fram á, að fiskarnir hafi drepist úr ammoníakseitrun, né gert sennilegt, að ammoníak hafi á þessum tíma losnað úr verksmiðju stefnda í þeim mæli, að það hafi getað valdið fiskadauðanum. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Haflax hf., greiði stefnda, Áburðarverksmiðju ríkisins, 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. júní 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. janúar sl., en endurupptekið og flutt að nýju 24. júní 1992 og dómtekið sama dag, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 5. apríl 1990, af Haflaxi sf., kt. 410478-2689, Nýbýlavegi 6, Kópavogi, gegn Áburðarverksmiðju ríkisins, Gufunesi, Reykjavík, kt. 680569-0109.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 20.902.320 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hans hendi auk virðisaukaskatts og dráttarvaxta frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að í febrúar 1988 fékk stefnandi, Haflax sf., starfsleyfi til fiskeldis í Eiðsvík við Reykjavík. Hafði stefnandi laxaseiði og smálax í kvíum í víkinni. Í júlí 1988 hafði stefnandi sjö kvíar með smálaxi austanvert við Viðey og tvær kvíar með laxaseiðum við bryggju stefnda í Gufunesi. Milli kl. 18.00 og 19.00 að kveldi 11. júlí 1988 urðu starfsmenn og forsvarsmenn stefnanda varir við óróleika í seiðum í kvíum við Gufunesbryggju og töldu sig jafnframt finna megna ammoníakslykt við bryggjuna. Fluttu starfsmenn stefnanda þá kvíarnar á önnur bólfæri í Eiðsvík lengra frá landi. Ekkert óeðlilegt eða óvenjulegt var að sjá í öðrum eldiskvíum í Eiðsvík. Er komið var að kvíunum morguninn eftir, 12. júlí, kom að sögn stefnanda í ljós, að gífurlegur seiða- og laxadauði hafði orðið frá deginum áður, og var ástandið langverst í kvíum, sem merktar voru 1–7, við austanverða Viðey, er geymdu smálax á öðru ári, en afföll mun minni í tveimur kvíunum, er áður voru við Gufunesbryggju og geymdu laxaseiði.

Stefnandi hófst þegar handa við að kanna orsakir laxadaúdans og naut aðstoðar Rannsóknadeildar fisksjúkdóma að Keldum, sem síðan leitaði til Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um aðstoð við rannsókn málsins.

Í skýrslu Rannsóknadeildar fisksjúkdóma á Keldum um sjúkdómsrannsóknir, dags. 21. júlí 1988, á dskj. nr. 7 kemur fram, að rannsóknadeildinni bárust 12. júlí 1988 7 laxar og 10 laxaseiði, sem rannsökuð voru. Fundust engar sjúkdómsvaldandi bakteríur í umræddum sýnum. Þá kemur fram í skýrslunni, að haft var samband við Hafrannsóknastofnun með hugsanlega þörungaeitrun-/blóma í huga. Samkvæmt skýrslu Konráðs Þórissonar á

dskj. nr. 3 voru sjávarsýni tekin á fimm stöðum í nágrenni Viðeyjar til þörunga- og gerlarannsóknna að kvöldi 12. júlí 1988. Rannsókn á sýnum þessum þótti ekki benda til, að um þörungaeitrun eða bakteríusýkingu væri að ræða. Niðurstaða Rannsóknadeildar fisksjúkdóma samkvæmt umræddri skýrslu var sú, að rannsóknir virtust benda til, að um einhvers konar eitrun hefði verið að ræða.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins framkvæmdi svonefnda ammoníaks-mælingu í tálknum og lifur laxfiskanna. Niðurstöður þeirra mælinga er að finna á dskj. nr. 8. Samkvæmt þessu fram lagða skjali voru tólf fiskar teknir nýdauðir úr kvíum Haflax sf. 12. júlí 1988 og geymdir frosnir við -20° , þar til greining var gerð. Til samanburðar voru teknir þrír fiskar úr kvíum Haflax sf. í ágúst sama ár. Tveir þeirra voru teknir lifandi og greindir samdægurs, en hinn þriðji 48 stundum eftir dauða. Enginn munur reyndist vera á samanburðarsýnunum þremur m. t. t. „ammoníaks“-styrks, hvorki í tálknum né lifur. Hins vegar voru gildi þeirra mun lægri en fiskanna tólf frá 12. júlí. Einnig voru tekin og greind átta fersk sýni frá Fiskeldisstöðinni í Kollafirði, og reyndust þau sömuleiðis hafa verulega lægri styrk köfnunarefnis-sambands bæði í tálknum og lifur en sýnin tólf, sem tekin voru í kvíum Haflax sf. 12. júlí 1988.

Forstöðumenn Rannsóknadeildar fisksjúkdóma á Keldum sendu niðurstöður þessara rannsókna dr. R. H. Richards, forstöðumanni Fiskeldisstofnunar Sterling-háskóla. Í bréfi dr. R. H. Richards til Sigurðar Helgasonar, fisksjúkdómafræðings og deildarstjóra Rannsóknadeildar fisksjúkdóma á Keldum, segir m. a., að banamein fiskanna hafi verið tálknabilun, sem hafi stafað af bráðahrörnun þekjuvefs öndunarfæra. Jafnframt segir þar, að þótt orsök hennar hljóti að vera vatnsborin mengun, sé ógerlegt að álykta nákvæmlega um eðli hennar.

Af hálfu stefnanda voru sömu niðurstöður sendar fiskeldis- og fisksjúkdómadeild Dýralæknaháskólans í Osló. Í svari sérfræðinga deildarinnar er ekkert fullyrt um orsakir fiskdauðans, en m. a. bent á mikilvægi þess, að fisksýni séu fersk, þegar þau eru fryst eða mæld, og bent á mikilvægi þess að taka sjávarsýni til efnagreiningar við slíkar aðstæður. Þá kom þar fram, að stofnunin hefði ekki upplýsingar um eðlileg og þolanleg mörk ammoníaks í tálknum og lifur fiska.

Í stefnu kemur fram, að athygli stefnanda hafi fljótlega beinst að verksmiðju stefnda í Gufunesi, sem er í grennd við kvíar stefnanda, þar sem ammoníak er mikill þáttur í starfsemi verksmiðjunnar og þar sé mikið magn ammoníaks á hverjum tíma.

Að beiðni stefnanda gerði Verkfræðistofan Vatnaskil lauslega útreikn-

inga á hugsanlegri færslu ímyndaðs mengunarflekks með útfallsstraumi að kvíum stefnanda við Viðey, ef mengunarslys hefði orðið við bryggju stefnda 11. júlí 1988. Að því gefnu og byggt á þeirri forsendu, að 1000 kg af ammoníaki hefðu farið í sjóinn við slysið, var talið hugsanlegt, að ammoníakið hefði borist þessa leið á einu útfalli, þ. e. 6–7 klst., og valdið dauðanum. Í skýrslu Vatnaskila kemur fram, að mánudaginn 11. júlí 1988 var útfall frá kl. 16.45 til kl. 23.19.

Með bréfi til stefnda 10. mars 1989 krafðist stefnandi skaðabóta á þeim grundvelli, að ammoníak frá áburðarverksmiðjunni hefði valdið fiskdauðanum í sjókvíum stefnanda. Af hálfu stefnda var því hafnað, en aðilar sammæltust um að óska könnunar Vinnueftirlits ríkisins á því, hvort óeðlilegt magn af ammoníaki hefði sloppið frá áburðarverksmiðjunni í sjó eða andrúmsloft á þeim tíma, er fiskdauðinn varð. Þegar könnun vinnueftirlitsins fór fram, var ár liðið frá fiskdauðanum. Hefur skýrsla þessi verið lögð fram í málinu.

Málsástæður stefnanda.

Málsástæður stefnanda eru þær, að hann telur sig geta sýnt fram á það, að fullsannað sé, að ammoníak hafi drepíð fisk stefnanda og að efnið hafi komið frá verksmiðju stefnda.

— — —

Málsástæður stefnda.

Af hálfu stefnda er á það bent, að samkvæmt skýrslu vinnueftirlitsins 17. október 1989 á dskj. nr. 12 hafi rannsóknarmenn engar bilanir eða galla fundið í búnaði verksmiðjunnar né nokkrar vísbendingar, sem bentu til mengunarslyss, eða að skaðvænt ammoníak hefði lekið frá verksmiðjunni í sjó eða andrúmsloft.

— — —

Niðurstaða.

Orsök fiskdauðans.

Fyrir liggur, að á Rannsóknadeild fisksjúkdóma að Keldum var unnið að rannsókn þeirra sýna, er tekin voru úr kvíum stefnanda. Var þar um að ræða laxfisk og seiði.

Upplýst er, að sýni voru tekin úr kvíunum 12. júlí 1988. Starfsmaður stefnanda tók sýni undir hádegi, sem farið var með um hádegisbil að Keldum til rannsóknar. Þá tóku sérfræðingar rannsóknadeildarinnar að Keldum sýni síðdegis 12. júlí. Upplýsti Sigurður Helgason fisksjúkdómafræðingur, að síðarnefndu sýnin hefðu einungis verið notuð til vefjarannsókna, en fyrrnefndu sýnin til bakteríu- og sníkjudýrarannsókna.

Niðurstöður þessara rannsókna auk rannsóknar Hafrannsóknastofnunar á þörungum og gerlum á svæðinu undir kvíunum er að finna í bréfi Rannsóknadeildar fisksjúkdóma til Haflax sf., dags. 21. júlí 1988, og er það undirritað af Bernharð Laxdal dýralækni, en þar segir í niðurlagi bréfsins: „Að svo komnu máli virðast allar rannsóknir og auk þess faraldsfræðilegar upplýsingar benda til að um einhvers konar eitrun hafi verið að ræða.“

Nánar spurður um þessa niðurstöðu bar Sigurður Helgason fisksjúkdómafræðingur fyrir dómi, að breytingar í tálknum fiskanna bentu til, að um einhvers konar eituráhrif hefði verið að ræða. Kvaðst hann ekki geta metið líkurnar á því, að þarna hefði verið um ammoníaksmengun að ræða fremur en annað.

Að tilstuðlan Sigurðar Helgasonar voru niðurstöður þær, sem fyrir lágu í desember 1988, sendar dr. R. H. Richards, forstöðumanni Fiskeldisstofnunar Sterling-háskóla. Í bréfi dr. R. H. Richards til dr. Sigurðar Helgasonar segir: „Banamein var tálknabilun, sem stafaði af bráðahrörnun þekjuvefs öndunarfæra.“

Með hliðsjón af framansögðu og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, þykir sýnt fram á, að orsök þekjuskemmdanna og þar með dauða fiskanna hafi verið sjóborin mengun, þ. e. eitrun af einhverju tagi, enda hvorki ágreiningur um það í málinu né að ammoníakseitrun veldur þessum einkennum. Ammoníak er hins vegar aðeins eitt margra efna, sem valda skaða á tálknþekju, eins og fram kemur í greinargerð Loga Jónssonar dósents á dskj. nr. 44.

Verður þá vikið að því, hvort færð hafi verið gild rök að því, hvers kyns mengunin var. Með því að engin sjávarsýni voru tekin til almennrar efnagreiningar kvöldið 11. júlí eða aðfaranótt 12. júlí 1988, þegar fiskdauðinn varð, og engin gögn hafa verið lögð fram í málinu, er sanni nálægð einhverra eiturefna í sjónum við kvíarnar á þeim tíma, er afföllin urðu, verður aðeins ályktað óbeint um orsök eitrunarinnar.

Í fjölda málsskjala, sem lögð eru fram af hálfu stefnanda, eru færð óbein rök að því, að ammoníak hafi valdið eða verið meðverkandi þáttur í eitrun þeirri, er olli þekjuskemmdunum, er óumdeilanlega leiddu til dauða fiskanna. Eins og fram kemur í sóknarskjölum stefnanda, telur hann sig geta sýnt fram á lögfulla sönnun þess, að ammoníak hafi drepíð fisk sinn.

Í dómskjali nr. 27, sem er skýrsla þriggja sérfræðinga frá Háskóla Íslands, er unnin var fyrir Vátryggingafélag Íslands, eru framangreindar fullyrðingar stefnanda vefngar, og reisa sérfræðingarnir gagnrýni sína einkum á tvennu, í fyrra lagi á aðferðum við sýnatöku og í öðru lagi á þeirri aðferð, sem beitt var við greiningu á magni ammoníaks í tálknum og lifur fiskanna.

Niðurstaða þeirra er, að fullyrðing stefnanda um, að fullsannað sé, að ammoníak hafi drepð fisk stefnanda, sé ekki á rökum reist.

Verður þá fyrst vikið að ágreiningi um sýnatöku:

Styrkur reikulla köfnunarefnissambanda, þ. á m. NH_3 , eykst í dauðum, ókældum fiski. Skiptir því miklu máli fyrir túlkun á niðurstöðum mælinga þeirra sambanda að vita, hvaða tími leið frá dauða fisksins til þess, að hann var frystur eða tekinn til greiningar, og einnig að þekkja umhverfishita, meðan á geymslu stóð. Á þetta atriði er lögð áhersla í dómskjali nr. 10, sem fram er lagt af hálfu stefnanda og er svar sérfræðinga frá fiskeldis- og fisksjúkdómadeild Dýralæknaháskólans í Osló, Mai Britt Knoph og Tore Håstein, til stefnanda. Þau benda á mikilvægi þess, að fisksýni séu fersk, þegar þau eru fryst eða mæld m. t. t. N_3 , því að ammoníak myndist hratt í rotnandi fiski. Þau segja í svari sínu: „Í stað dauðra fiska hefði átt að taka deyjandi fiska og lifandi fiska með streitueinkenni, þ. e. afbrigðilega hegðun.“

Í dómskjali nr. 8, sem er fylgiskjal með bréfi Sigurðar Helgasonar, fisksjúkdómafræðings og deildarstjóra að Keldum, dags. 12 desember 1988, til dr. R. H. Richards, þá aðstoðarforstjóra Fiskræktunarstofnunar Sterlingháskóla í Skotlandi, birtist tafla, sem er sögð sýna ammoníaksstyrk í tálkn-um og lifur tólf fiska, sem „teknir voru dauðir úr kvíum Haflax 12. júlí 1988“, ásamt niðurstöðum sömu mælinga úr viðmiðunarfiskum. Í fylgiskjalinu segir, að fiskarnir hafi verið teknir nýdauðir („immediately after the mortality“).

Þetta er harðlega vefengt í greinargerð sérfræðinga Háskóla Íslands á dskj. nr. 27. Þar álykta þeir, að ofangreind fullyrðing sé augljóslega röng, og styðja þeim rökum, að Haflaxmenn hafi farið frá kvíunum kl. 23.00 11. júlí og fundið dauðan fisk kl. 8.00–9.00 þann 12. júlí 1988 og ekki sé vitað, hvenær á þessu tímabili fiskurinn hafi drepist. Í öðru lagi segja þeir: „... komu Keldnamenn ekki fyrr en um 12 á hádegi að sækja sýnin tólf samkvæmt upplýsingum Runólfs Þórðarsonar. „Af þessu sést,“ álykta sérfræðingarnir, „að fiskurinn hefur ekki getað verið dauður lengur en í 15 tíma og minnst í 6 tíma, áður en hann var frystur“.

Telja verður hins vegar með hliðsjón af framburði starfsmanna stefnanda, Guðlaugs Einarssonar og Árna Þórs Árnasonar, að upplýst sé, að sýni þau, er nýtt voru til mælinga af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, hafi verið tekin meðal yfirborðsfiska og fiskarnir verið nýdauðir, dasaðir eða hálfdauðir. Þá bar Sigurður Helgason fisksjúkdómafræðingur fyrir dómi, að fiskurinn hefði við komuna að Keldum verið vel ferskur og að sýnin hefðu verið fryst þegar í stað.

Að þessu virtu virðist sú ályktun sérfræðinga Háskóla Íslands, að fiskarnir

ir, sem sýni voru tekin úr til „köfnunarefnismælinga“, hafi verið dauðir hið skemmsta í sex klst. fyrir frystingu, ekki standast, enda gerð með sama fyrirvara og aðrar ályktanir í greinargerð þeirra, „að ekki komi nýjar og óvæntar upplýsingar fram við vitnaleiðslur“.

Enda þótt mið sé tekið af tilraunum þeim, sem sérfræðingarnir gerðu og lýst er í skýrslu þeirra, verður ekki fallist á, að há gildi ætlaðs ammoníaks í fiski stefnanda verði skýrð sem afleiðing geymslu né annarra aðferða við sýnatöku 12. júlí 1988.

Verður nú vikið að gagnrýni sérfræðinga Háskóla Íslands á þeirri aðferð, sem beitt var við ákvörðun á magni ammoníaks.

Sérfræðingar Háskóla Íslands benda á í skýrslu sinni, að svonefnd „ammoníaksmæling“ Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins mæli í raun magn allra reikulla köfnunarefnissambanda, þ. á m. ammoníaks (NH_3 og NH_4^+). Í öðrum þætti skýrslunnar segir nánar um þetta: „Við nánari athugun hefur komið í ljós, að „ammoníaksmælingar“ þær, sem getið er um í dómskjali 8, voru í reynd gerðar þannig, að mæld voru öll reikul basísk köfnunarefnissambönd, og er eitraða ójónaða ammoníakið aðeins eitt þeirra. Ástæða er til að ætla, að þessi framsetning á mæliniðurstöðum hafi villt um fyrir þeim, sem um málið hafa fjallað, samanber fyrirvara, sem fram kemur í dómskjali 10. Mæling þessi gefur því litlar upplýsingar um styrk ammoníaks, hvað þá um styrk ójónaða formsins, í tálknum og lifur fiska.“

Í niðurlagi þessa þáttar skýrslunnar í niðurstöðu segir svo:

„Mælingar á reikulum basískum köfnunarefnissamböndum („óbundnu ammoníaki“) er afar ósérhæf mæling á ammoníaki, og eitraða ójónaða form ammoníaksins er einungis lítill hluti þess, sem mælt er.

Mæliniðurstöður eru háðar meðferð sýna. Ekkert kemur fram í dóm-skjölum, hvernig sýni voru meðhöndluð sumarið 1988.

Mælingin gefur því litlar upplýsingar um styrk ammoníaks í vefjum fiska. Mæliaðferðin hentar fremur til að meta ferskleika fisks. Þar af leiðandi er á engan hátt unnt að fullyrða á grundvelli þessara mælinga, að fiskarnir, sem drápust aðfaranótt 12. júlí 1988, hafi drepist úr ammoníakseitrun.

Sýnt hefur verið fram á aukningu í styrk reikulla köfnunarefnissambanda af svipaðri stærð og fram kemur í dómskjali 8, sem stafar af meðhöndlun á nýslátruðum fiski. Fullyrðingin: „... að fullsannað sé að ammoníak hafi drepíð fisk stefnanda . . .“, er því ekki á rökum reist.“

Í bréfi Jónasar Bjarnasonar deildarstjóra, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, til Trausta Haukssonar efnaverkfræðings, dags. 23. janúar 1992, er það staðfest um umrædda mælingu, að ammoníak hafi verið ákvarðað með hefðbundnum hætti á stofnuninni, sem í raun felist í því, að það sé heildar-

reikult köfnunarefni, sem ákvarðað er (TVN) og reiknað sem ammoníak. Segir síðan í bréfi Jónasar: „TVN samanstendur yfirleitt nánast eingöngu af ammoníaki og trímethylamín (TMA) í fiski. En í laxi myndast nánast ekkert TMA, þannig að praktíst enginn munur er á hreinni ammoníaksákvörðun og TVN-ákvörðun, þ. e. innan venjulegra skekkjumarka á ákvörðuninni sjálfri.“

Ekki þykir sýnt fram á það í málinu af hálfu stefnanda, að fyrrgreind túlkun eigi einnig við um sjógenginn lax, enda liggja engin gögn fyrir í málinu þar að lútandi.

Þegar framanritað er virt, er það álit dómsins, að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á það, að ammoníakseitrun hafi valdið fiskdauðanum í kvíum stefnanda, enda þótt þeim möguleika verði ekki hafnað.

Í sóknargögnum stefnanda er því haldið fram, að ammoníak hafi lekið frá verksmiðju stefnda og valdið þeim fiskdauða, er varð í kvíum stefnanda 12. júlí 1988.

Upplýst er, að lögreglurannsókn fór ekki fram á starfsemi áburðarverksmiðjunnar á þeim tíma, er afföllin urðu.

Með bréfi, dags. 16. maí 1989, óskuðu aðilar máls þessa sameiginlega eftir því við Vinnueftirlit ríkisins, sem hefur eftirlit með geymslu ammoníaks í Gufunesi, að kannað yrði, hvort óeðlilega mikið magn af ammoníaki hefði komist út í andrúmsloftið eða í sjóinn á þeim tíma, sem laxadauðinn varð. Hefur skýrsla Vinnueftirlits ríkisins verið lögð fram í málinu, en hún var unnin af Stefáni Einarssyni deildarverkfræðingi og Guðmundi Eiríkssyni umdæmisstjóra. Ekki liggur annað fyrir en að þessir aðilar hafi haft aðgang að öllum þeim gögnum og upplýsingum, er nauðsynleg voru við gerð umræddrar skýrslu. Kemur þar fram, að við gerð skýrslunnar var stuðst við fjölda teikninga og skráningargagna og að rætt var við fulltrúa verksmiðjunnar.

Í skýrslunni kemur fram, að við venjulegan rekstur er um nokkurt tap á ammoníaki að ræða. Í ammoníaksverksmiðju er ammoníaki, sem nemur 30–50 kg hleypt í umhverfi (til lofts) úr skilju á sólarhring. Við ræsingu á saltpéturssýruverksmiðju þarf að stilla NH_3 /lofthlutfall, og þarf þá venjulega að sleppa ammoníaki í umhverfi. Þetta magn geti orðið allt að 300 kg að sögn Teits Gunnarssonar, sem er framleiðslustjóri stefnda. Þá kemur fram, að í venjulegum rekstri verksmiðjunnar sé stundum „blætt undan eimi“, ef áður nefnt hlutfall er flöktandi, og þannig geti farið út 10–20 kg af ammoníaki í hvert skipti. Um þessa rekstrarþætti er fjallað í skýrslu vinnueftirlitsins. Þá segir einnig, að ammoníak geti borist í umhverfi, ef blæs af öryggislokum á daggeymum eða kúlu.

Í öðrum þætti skýrslunnar er fjallað um framleiðslu, flutning og geymslu ammoníaks í verksmiðjunni.

Í umfjöllun um ammoníaksverksmiðju kemur m. a. fram, að í verksmiðju stefnda, þar sem framleiddur er tilbúinn áburður, er ammoníak lykilefni. Í skýrslunni segir svo m. a.: „Í ammoníaksverksmiðju er framleitt ammoníak úr vetni og köfnunarefni (vetnishús og köfnunarefnisframleiðsla voru ekki hluti þessarar rannsóknar). Efnið er síðan flutt þaðan og geymt í birgðageymi (kúlu) og daggeymum, áður en það er notað til frekari framleiðslu.“ Fram hefur hins vegar komið í málinu, að nú er ammoníakið geymt með öðrum hætti. Þá segir áfram í umræddri skýrslu: „Á kúlu er einnig sett innflutt ammoníak úr ammoníaksskipi. Í sýruverksmiðju er ammoníak brennt við hvata, og þar er framleidd saltpéturssýra. Loks er ammoníakið hvarfað við saltpéturssýru til myndunar á ammoníumnitrati í NH_4NO_3 - og NPK-verksmiðju.“

Í niðurlagi umfjöllunarinnar segir: „Rannsóknarmenn hafa ekki fundið neinrar vísbendingar um það, að leki, sem sé umfram það, er eðlilegt getur talist, hafi komið fram í ammoníaksverksmiðju á athugunartímabili, þ. e. dagana (9. 7.), 10. 7. og 11. 7. 1988.“

Í umfjöllun um birgðageymslakerfi ammoníaks, daggeyma og birgðageymi (kúlu) kemur fram, að mælir var bilaður frá 9. júlí 1988 til 13. júlí 1988. Magnið, sem skráð var 9. júlí, reyndist 640 tonn, en 13. júlí 568,7 tonn. Um þrýsting í kúlu kemur fram, að hann sé á bilinu 6,2–7,2 bör. Öryggislokar á kúlu séu fjórir og þeir stilltir þannig, að þeir opnast, ef þrýstingur í kúlu hækkar í 8,5 bör. Ef þrýstingur í kúlu hækkar umfram áðurnefnd mörk, leiði það til þess, að öryggislokar á kúlu blása, og á þann hátt gæti mikið efni tapast í umhverfi. Þá segir í skýrslunni, að ef hitni í veðri, geti þrýstingur stigið; einnig geti gas, sem berst við flutning ammoníaksins frá ammoníaksverksmiðju að ammoníaksvigtum, valdið því, að þrýstingur í kúlu eða daggeymum hækki. Segir í skýrslunni, að við athugun á rekstrar-skýrslum fyrir rannsóknartímabilið komi í ljós, að kúluþrýstingur geti sveiflast töluvert mikið. Hafi hann hæst verið skráður 8,6 bör, en lægst 6,2 bör. Kemur fram, að 11. júlí er þrýstingur hæst skráður 7,3 bör kl. 12, kl. 18 sé þrýstingur skráður 7,0 bör, en 6,5 bör kl. 19.

Þá segir í skýrslunni: „Samkvæmt því, sem áður er greint frá (skráður kúluþrýstingur 8,5/8,6 bör nær eða fer upp fyrir upp gefinn opunarþrýsting á öryggislokum kúlu 8,5 bör), virðist möguleiki á því, að blásið hafi af kúlu að kvöldi 9. 7. eða aðfaranótt 10. 7. Rannsóknarmenn hafa þó ekki fengið staðfest, að það hafi gerst, en fulltrúar verksmiðjunnar fullyrtu, að ekki hefði blásið af kúlu, og sögðu, að hér væri um mistök í skráningu að ræða,

þannig, að raunverulegur þrýstingur hefði verið mun lægri. Máli sínu til stuðnings nefndu þeir, að yfir útblástursopum öryggislokanna væru regnhattar úr plasti, og myndu þeir þeytast af, ef lokarnir blésu, en slíkt hefði ekki gerst. Þá bentu þeir á, að mistök í skráningu kæmu fyrir, t.d. hjá sumar-afleysingamönnum, en þeir þekktu ekki eðlilegar rekstrartölur.

Ekkert hefur komið fram í gögnum, sem bendir til þess, að blásið hafi af öryggislokum daggeyma.“

Í kafla um ammoníakslagnir segir m. a., að rannsóknarmenn hafi ekki fundið bilanir eða galla í þessum leiðslum. Ekki hafi komið fram upplýsingar, sem bendi til þess, að lekið hafi úr þessum leiðslum á athugunartímabili. Þá er þess getið, að 20. júní 1989 hafi löndunarleiðslan frá bryggju að birgðakúlu verið þrýstireynd og þéttleikaprófuð að nýju með 10,5 bara þrýstingi. Leiðslan hafi einnig verið þrýstireynd 17. maí 1988. Hafi leiðslan reynst þétt í bæði skiptin.

Um saltpétursverksmiðju segir m. a.: „Athuganir á blöðum úr sírita (skrifara) 11. júlí 1988 um rekstur ammoníaksofns benda ekki til þess, að þar hafi verið um rekstrartruflun að ræða.“

Í fjórða hluta skýrslu Vinnueftirlits ríkisins, sem nefnist Umræður og ályktanir, er vikið að nokkrum þáttum úr rekstri dagana 10. júlí og 11. júlí 1988. Ræsing sýruverksmiðju 10. júlí kemur þar við sögu, truflanir í rekstri og stöðvanir í NH_4NO_3 -NPK-verksmiðju 10. júlí og 11. júlí, og segir þar að lokum: „Ljóst er, að leki í loftfasa hefur verið nokkur á athugunartímabili (10. 7. og 11. 7.). Hvort hann er meiri en eðlilegt getur talist, er ekki vitað, og verður ekki endanlega hægt að meta umfang þessa leka nema með vitnaleiðslum, sem ekki var hlutverk rannsóknarinnar. Loks skulu menn hafa það í huga, að ár var liðið frá þeim tíma, sem rannsóknin beindist að, og torveldaði það leitina að ótvíræðum niðurstöðum.“

Í viðauka við skýrslu sína, dags. 30. apríl 1990, bendir vinnueftirlitið á tæknilega möguleika á ammoníaksflæði frá verksmiðjunni, annars vegar um handvirkan loka á kúlutoppi og hins vegar gegnum gaslögn frá kúlu út á bryggju og þaðan um gúmmibarka út í sjó.

Eins og greinir í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins, var um nokkurn leka í loftfasa að ræða á því tímabili, sem athugað var. Nokkrir starfsmenn stefnda komu fyrir dóminn, og gáfu skýrslu þeir Runólfur Þórðarson verksmiðjustjóri, Teitur Gunnarsson framleiðslustjóri og Hörður Björnsson vaktstjóri. Báru þeir, að ekkert hefði út af borið í starfsemi verksmiðjunnar á þeim tíma, sem um ræðir, og allt verið með eðlilegum hætti. Kom ekkert fram við yfirheyrslur, er bent gæti til, að um óvenjulegan leka í loftfasa hefði verið að ræða 11. júlí 1988.

Fram hefur komið, að 4" gaslögn og barki, sem tengdur er þar við, eru eingöngu notuð, þegar ammoníaki er landað úr skipi. Er þá sérstakur tengistútur skrufaður á enda gaslagnarinnar í brunni á bryggju, eftir að blindflangs hefur verið fjarlægður. Gúmmibarkinn er síðan tengdur við stútinn og þaðan út í skip. Eftir losun er þessi búnaður, þ. e. barkinn og tengistúturinn upp úr bryggjunni, fjarlægður og stállok sett á brunninn. Uppsetning og síðan fjarlæging þessa búnaðar er unnin af starfsmönnum stefnda. Upplýst er, að þessi búnaður var notaður 26. júní 1988, er ammoníaksskip var til losunar. Ekkert þykir fram komið við yfirheyrslur, er gefi vísbendingu um, að þessi búnaður hafi verið notaður 11. júlí 1988. Þá hefur ekkert komið fram, er gefi tilefni til að ætla, að ammoníak hafi borist í sjó frá verksmiðju stefnda með öðrum hætti á umræddum tíma.

Eins og áður er rakið, fannst megn ammoníakslykt við bryggjuna í Gufunesi umræddan dag. Upplýst er, að sterka ammoníakslykt, sem fylgir venjulegum rekstri verksmiðjunnar, er oft að finna á verksmiðjusvæðinu. Þar sem annað hefur ekki komið í ljós, verður að telja, að lyktin, sem fannst við og á bryggjunni, hafi stafað af slíkum venjubundnum rekstri verksmiðjunnar, enda upplýst, að vindur stóð beint á bryggjuna.

Eins og áður greinir, er því haldið fram af hálfu stefnanda, að líkur á ammoníaksleka hafi verið að finna víða í verksmiðju stefnda, og að ammoníaksmengun hefði getað náð þeim styrk, að áhrifin yrðu banvæn í eldiskvíum stefnanda á Viðeyjarsundi, þ. e. kvíum 1–7. Gæti þar verið um að ræða bæði loftborna mengun og flæði frá kúlu um svonefnda 4" lögn og barka beint í sjó.

Loftborin mengun: Þegar litið er til eðliseiginleika ammoníaks svo og aðstæðna og veðurfars á umræddum tíma, getur dómurinn fallist á fullyrðingar í fram lagðri skýrslu sérfræðinga Háskóla Íslands á dskj. nr. 27, en þar segir: „Til að loftborin ammoníaksmengun valdi stórfelldu tjóni í fiskeldiskvíum í Eiðsvík þyrfti mjög verulegt magn ammoníaks að leka út í andrúmsloftið, svo verulegt, að það hefði ekki átt að geta farið fram hjá starfsmönnum áburðarverksmiðjunnar og nágrönnum hennar.“

Það er því álit dómsins, að þessi möguleiki sé óraunhæfur.

Sjóborin mengun: Við könnun á þeim möguleika, að ammoníak hafi borist í sjó frá verksmiðju stefnda, kemur til athugunar, að sterk mengun hlyti að verða við bryggju í Gufunesi, en þar voru á þeim tíma, sem um ræðir, kvíar með seiði á viðkvæmu stigi. Upplýst er í málinu, að minnst þrjár klukkustundir liðu, frá því að lykt fannst og afbrigðilegri hegðun seiða var veitt athygli, áður en flutningur hófst á seiðunum, er voru í kvíum við Gufunesbryggju. Upplýst er, að flutningur seiðanna fylgdi fallstraumi, og ef

um mengun hefði verið að ræða, hefði hún haft áhrif allan tímann að ákvörðunarstað. Upplýst er enn fremur, að í seiðakvíunum, er áður voru við Gufunesbryggju, urðu lítil afföll, talin vera 5%, en afföll í kvíum 1–7 úti á Eiðsvík 50%–96%. Fiskur í kvíum, er hafðar voru í Eiðsvík, var samkvæmt því, sem fram hefur komið, sprækur og tók vel við fóðrun um og eftir miðnætti 12. júlí 1988. Samkvæmt framansögðu verður því ekki séð, að samband hafi verið milli affalla í kvíum 1–7 eftir kl. 2 12. júlí 1988 og lyktar af ammoníaki við bryggju í Gufunesi kl. 18 11. júlí 1988.

Pegar framanritað er virt, er það niðurstaða dómsins, að þótt ekki sé óhugsandi, að ammoníak hafi átt þátt í þeirri eitrun, er drap fisk stefnanda, hafi hvorki verið sýnt fram á það né gert sennilegt, að ammoníak hafi sloppið í hættulegum mæli frá verksmiðju stefnda á þeim tíma, sem stefnandi varð fyrir tjóni sínu. Með því að ekki er sýnt fram á það í málinu, að um nein þau atvik hafi verið að ræða í verksmiðju stefnda á umræddu tímabili, er baki stefnda skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda, ber að sýkna stefnda af bótakröfu stefnanda.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðist 1.250.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Dóm þennan kvað upp Kristjana Jónsdóttir borgardómari ásamt með-dómendunum prófessor Jóhanni Axelssyni, dr. í lífeðlisfræði, og Jóhanni Jakobssyni efnaverkfræðingi.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Áburðarverksmiðja ríkisins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Haflax sf.

Stefnandi greiði stefnda 1.250.000 kr. í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.